

FRÍSTUNDAKORTIÐ

24. nóvember 2006

Tillögur og greinargerð um greiðslur Reykjavíkurborgar til æskulýðs-, íþrótt- og menningarstarfsemi

Að beiðni formanns ÍTR skipaði sviðstjóri ÍTR á haustdögum 2006 starfshóp þriggja embættismanna á skrifstofu ÍTR þeim Gísla Árna Eggertssyni, Soffíu Pálsdóttur og Steinþóri Einarssyni. Starfshópnum var falið að afla gagna vegna innleiðingar Frístundakortsins, ræða við hagsmunaaðila meðal félaganna í borginni og setja fram tillögur að fyrirkomulagi.

Inngangur

Á næstu misserum mun Reykjavíkurborg auka beinan stuðning við þátttöku barna og unglunga í skipulögðu æskulýðs-, tómstunda-, menningar og íþróttastarfi. Verkefnið hefur verið nefnt Frístundakortið. Verkefnið er í eðli sínu samfélagsverkefni sem hefur það að markmiði að tryggja að opinber stuðningur skili sér sem best og nýtist vel þeim sem vegna efnahags eða félagslegra aðstæðna eiga ekki jafn auðvelt og aðrir að taka þátt í skipulögðu frítímastarfi. Barnafjölskyldur í borginni munu í fyllingu tímans njóta þessara aðgerða. Verkefnið leggur vissulega aukna ábyrgð á herðar félagum sem starfa á vettvangi frítímans en skapar þeim einnig mörg ný sóknarfæri. Hvatinn sem er innifalinn snýr ekki einungis að fjármagninu sem verkefninu fylgir heldur ekki síst hvernig þeim sem tengjast ungu fólki og hafa hlutverki að gegna við að bæta uppeldisaðstæður í hverfum borgarinnar tekst að nýta þetta tækifæri. Fulltrúar í Íþrótt- og tómstundaráði ásamt sviðstjóra og starfsmönnum á skrifstofu ÍTR hafa undanfarnar vikur átt fundi með forsvarsmönnum stærstu félagum og samtaka sem hagsmuna hafa að gæta í borginni. Á fundunum komu m.a. fram margar góðar ábendingar varðandi Frístundakortið og hlutverk þess. Þau félög og samtök sem heimsótt hafa verið eru öll hverfisíþróttafélögin sem eru Ármann, KR, Valur, Fram, Víkingur, ÍR, Fjölnir, Þróttur og Fylkir. Auk þess voru heimsótt Leiknir, ÍBR, TBR, Skátasamband Reykjavík og KFUM.

Skattaumhverfi

Vegna óvissu sem ríkt hefur um hugsanlega skattalega meðferð fjármuna borgarinnar sem foreldrar ráðstafa vegna þátttöku barna í frístundastarfi var fengin lögfræðileg úttekt á nokkrum þeirra aðferða sem sveitarfélög hafa sett fram í þessum tilgangi. Niðurstaða úttektarinnar fylgir með í viðauka.

Tillögur

Tillögur starfshópsins beinast að skipulagðri tómstunda-, æskulýðs-, íþrótt- og menningarstarfsemi fyrir börn og unglunga í Reykjavík. Megin tillagan gerir ráð fyrir að innleitt verði í þremur áföngum á næstu þremur árum nýtt styrkjakerfi fyrir aldurshópinn 6 til 18 ára. Til grundvallar verkefninu verði samningar sem Reykjavíkurborg geri við aðila sem gangast fyrir æskulýðs-, íþrótt- og menningarstarfsemi og falla innan þeirra skilgreininga sem borgaryfirvöld ákveða í samráði við hagsmunaaðila.

1. Lagt er til að styrkjakerfið verði innleitt í áföngum á næstu 3 árum.
2. Meginskilyrði verði að starfsemi félags sé á forsendum uppeldislegra gilda og forvarna í víðum skilningi. Starfsemin fari fram undir leiðsögn hæfra starfsmanna og leiðbeinenda við aðstæður sem hæfa starfi með börnum og unglingum. Styrkhæf starfsemi verði að miðast við 10 vikur samfelld hið minnsta.
3. Ekki verði um beingreiðslur til foreldra að ræða heldur fái foreldrar rétt til að ráðstafa tilgreindri upphæð í nafni barns síns til niðurgreiðslu á þátttöku- og æfingagjöldum. Heimilt verði að nýta styrkina til niðurgreiðslu fleiri en einnar greinar eða starfsemi en þó ekki fleiri en þriggja á hverjum tíma. Ekki verður heimilt að flytja styrki milli ára.
4. Lagt er til að skipaður verði vinnuhópur á vegum ÍTR sem kanni möguleika á rafrænni umsýslu Frístundakortsins og valkosti í því tilliti. Hópurinn athugi sérstaklega:
 - Hvort umsýsla Frístundakortsins geti eingöngu verið í Rafrænu Reykjavík?
 - Hvort mögulegt sé að skrá í alla starfsemi sem stendur börnum til boða í borginni á grundvelli samninga um aðild að frístundakortinu?
 - Hvort forráðamenn sem skrá barn sitt í starfsemi og velja hvert greiðslur fara geti einnig skráð í og greitt fyrir aðra þá starfsemi sem barnið tekur þátt í í sínum frítíma?
 - Möguleika á að safna tölfraðilegum upplýsingum um alla þátttöku barnsins um leið og skráning þess fer fram?
 - Hvort uppgjör milli samningsaðila og borgarinnar geti verið á grundvelli þriggja tímabila, haustannar, vorannar og sumarannar?
 - Hvaða ávinningur sé af rafrænni skráningu og uppgjöri?
 - Hvaða kostnaður sé við uppsetningu og utanumhald kerfisins?
 - Hvaða kostir séu við mögulega úthýsingu umsýslunnar?
 - Hvort og þá hvaða möguleikar séu á tengslum við S-kortið?
5. Sett verði fram reikniregla um sérstakan stuðning við samningsaðila vegna aukinnar starfsemi sem leiðir til kostnaðarauka fyrir þau.
6. Um uppgjör milli félaga og borgarinnar verði gerður viðauki við þjónustusamninga sem gerðir hafa verið við stærstu félögin en önnur félög geri sérsamninga við Reykjavíkurborg þegar þau gerast aðilar að verkefninu.
7. Í samningum um þátttöku í verkefninu verði skilgreint með hvaða hætti staðið verður að starfsemi fyrir aldurshópinum sem í hlut á svo sem fjöldi tíma á viku, fjöldi iðkenda á hvern starfsmann/leiðbeinanda, lýsing á starfinu sjálfu, lýsing á aðstöðu til starfsins, hvað sé innifalið í æfinga- eða þátttökugjaldi og hvað sé viðbótarkostnaður. Í samningnum komi einnig fram allur kostnaður

þátttakenda/iðkenda í félaginu miðað við áramót 2006/2007 og verði þau viðmið notuð til mats á kostnaðarþróun í starfseminni til næstu ára.

8. Auglýst verði í fjölmiðlum eftir félögum og öðrum þeim sem standa fyrir starfsemi fyrir börn og unglinga og taka vilja þátt í verkefninu. Umsóknir verði á rafrænu formi á vef borgarinnar. Þar verði skilgreiningar og skilyrði fyrir þátttöku útlistuð. Þátttöku- og æfingagjöld auk alls annars kostnaðar við þátttöku komi þar fram.
9. Kynningarherferð sem beinist að börnum í markhópnum og foreldrum þeirra verði í fjölmiðlum. Einnig verði sendur bæklingur inn á viðkomandi heimili þar sem starfsemi í borginni og hverju hverfi fyrir sig er kynnt.
10. Sérstök verkefni og stuðningur. Hluti fjármagnsins sem ætlaður verður til verkefnisins verði skilgreindur til að styrkja uppbyggingu samstarfsverkefna í hverfum og bregðast við aðstæðum þar sem erfitt er að ná markmiðum verkefnisins.
11. Mat á árangri, eftirfylgd og rannsóknir. Leitað verði til háskólastofnunar og viðurkenndrar rannsóknarstofnunar um rannsóknir og samfélagslegt mat á verkefninu. Lýðfræðilegt módel sem byggir á hverfaskiptingu borgarinnar og borginni í heild verði sett fram og nýtt við mat á verkefninu.
12. Kannaðir verði kostir þess að úthýsa umsýslu, uppgjöri og mati á verkefninu.

Tillögurnar eru settar fram í eftirfarandi módelum:

Fyrsti áfanginn hefjist haustið 2007 og verði markhópur 6 - 18 ára aldurhópurinn. Miðað er við 12 þúsund króna greiðslu haustið 2007 sem hækki í 25 þúsund 2008. Árið 2009 verði verkefnið komið að fullu til framkvæmda og greiðslan þá miðuð við 40 þúsund á einstakling. Í módelinu er sýndur kostnaður miðað við 65% nýtingu árið 2007 en 70% árin 2008 og 2009. Gert er ráð fyrir að umsýslukostnaður sem er 10% og reiknaður miðað við sama nýtingarhlutfall beri allar greiðslur til félaga vegna kostnaðar þeirra, kynningarkostnað og umsýslukostnað borgarinnar auk rannsókna og mats á verkefninu. Viðbótarstuðningur er til að mæta kostnaði við verkefni sem eru styrkhæf en ekki falla innan ramma einstakra félaga. Sérstaklega er hér horft til samstarfsverkefna í hverfum og sérstaks stuðnings við verkefni sem hafa það m.a. að markmiði að ná til ófélagsbundinna barna og unglinga. Slík verkefni yrðu þá annars vegar fjármögnuð með beinum styrkjum af þessari fjárveitingu og hins vegar af þátttakendum sjálfum með Frístundakortinu. Viðbótarstuðningurinn er reiknaður af 65% nýtingu fyrsta árið og 70% nýtingu eftir það. Sé miðað við 65% nýtingu styrkjanna árið 2007 má reikna með að heildarkostnaður verði um 180 milljónir. Árið 2008 er heildarkostnaður um 399 milljónir miðað við 70% nýtingu. Þegar verkefnið er komið að fullu til framkvæmdar árið 2009 er kostnaður áætlaður um 640 milljónir miðað við 70% nýtingu.

Árgangur	Fjöldi	Kostnaður 100% nýting	Kostnaður 65% og 70% nýting	Viðbótar stuðningur 5%	Umsýsla 10%	Heildar kostnaður 65% og 70%
6 - 18 ára	19.828	237.936	154.658	8.328	16.656	179.642
6 - 18 ára	19.828	495.700	346.990	17.350	34.699	399.039
6 - 18 ára	19.828	793.120	555.184	27.759	55.518	638.462

GREINARGERÐ

Fjöldi barna í hverfum borgarinnar

Til að meta áhrif Frístundakortsins á ólíka aldurshópa voru fjöldatölur greindar fyrir borgina í heild og einstök hverfi. Til hægðarauka var fylgt skiptingu borgarinnar í 6 þjónustuhverfi í stað 10 hverfa skiptingar.

Mynd 1 Borgarhverfi

Borgarhverfi 1 - Vesturbær
 Borgarhverfi 2 - Miðborg
 Borgarhverfi 3 - Hlíðar
 Borgarhverfi 4 - Laugardalur
 Borgarhverfi 5 - Háaleiti
 Borgarhverfi 6 - Breiðholt
 Borgarhverfi 7 - Árbær
 Borgarhverfi 8 - Grafarvogur
 Borgarhverfi 9 - Kjalarnes
 Borgarhverfi 10 - Úlfarsfell

Mynd 2 Hverfaskipting vegna æskulýðs- og íþróttastarfsemi


Byggt á mannfjölda í Reykjavík 31. des. 2005								
Hverfi	0-5 ára	6-9 ára	10-12 ára	13-15 ára	16-18 ára	6-16 ára	6-18 ára	Heildar
						heild	heild	fjöldi
Vesturbær	1367	728	579	585	564	2081	2456	15310
Miðborg Hlíðar	1237	637	470	484	531	1757	2122	17412
Laugard- Háaleiti	2036	1325	1030	1135	1068	3852	4558	28893
Breiðholt	1695	1123	879	916	905	3223	3823	20708
Árbær Grafarholt	1406	773	562	582	558	2097	2475	13375
Grafarvogur - Kjalarnes	1862	1290	1057	1062	946	3745	4358	18750
Samtals	9603	5876	4577	4764	4572	16755	19792	114448

Fimm hverfanna eru álíka mannmörg eða frá rúmlega 15 - 21 þús. íbúar. Tvö þeirra eru nokkuð frábrugðin, Árbær - Grafarholt með um 13 þús. íbúa og Laugardalur/Háaleiti með tæp 29 þús. íbúa. Fjöldi í aldurshópnum frá 6 - 18 ára er tæp 20 þúsund. Tölurnar eru byggðar á gögnum af innri vef borgarinnar og frá Hagstofunni. Að hluta byggja tölurnar á spám um mannfjölda en frávik eru mjög lítil. Hlutfall barna 6 - 18 ára er hæst í Grafarvogi / Kjalarnesi eða rúmlega 23% en lægst í Miðborg / Hlíðar eða 12% en hlutfall aldurshópsins fyrir borgina í heild er 17,3%.

Þátttaka í starfi íþrótt- og æskulýðsfélaga í borginni

Greining á þátttöku í starfi íþrótt- og æskulýðsfélaga byggir á gögnum frá félögunum sjálfum, gögnum frá Íþróttabandalagi Reykjavíkur fyrir aldurshópin undir 16 ára fyrir 2004 og 2005 og yfirlitstölum úr könnunum Rannsóknar og greiningar ehf. fyrir aldurshópin í 5. - 7. bekk fyrir árið 2005 og 8. - 10. bekk árið 2006 en gögn um framhaldsskólaaldurinn eru frá 2004. Einnig eru notuð gögn frá ÍSÍ fyrir 2004. Samkvæmt upplýsingum frá Íþróttabandalagi Reykjavíkur voru iðkendur innan bandalagsins á grunnskólaldri 14.671. Af þeim voru Reykvíkingar 12.998 en búsettir utan Reykjavíkur voru 1.673.

Mynd 3 Íþróttaiðkun í Reykjavík




Þátttaka og brottfall úr æskulýðs- og íþróttastarfi

Mestu breytingarnar sem verða á þátttöku í æskulýðs- og íþróttastarfi eru milli aldurshópanna 12 - 13 ára annars vegar og 15 og 16 ára hins vegar. Einnig er mikill munur á iðkun og þátttöku þegar bornir eru saman þeir sem eru við nám á framhaldsskólastigi og þeir sem ekki eru við nám á sama aldri. Í greinargerðinni er þátttaka og brottfall í fjórum aldurshópum skoðað en það eru 10 - 12 ára; 13 ára; 14 - 15 ára og að lokum framhaldsskólastigið þ.e. 16 - 20 ára. Í viðauka með greinargerðinni eru sýndar fleiri myndir sem skýra iðkun og brottfall milli aldurshópa.


Aldurhópurinn 10-12 ára

Mynd 4 Íþróttaiðkun í 5. - 7. bekk.



Mynd 4 sýnir íþróttaiðkun í þessum aldurshópum á landinu öllu vorið 2005. Fyrir höfuðborgarsvæðið eru þessar tölur, samanteknar fyrir 5. - 7. bekk 51,5%. Veruleg aukning hefur orðið á iðkun stelpna í þessum aldurshópi á síðustu árum. Af strákum eru 55,7% sem stunda íþróttir þetta mikið en 47% af stelpum. Um þriðjungur þessa aldurshóps á höfuðborgarsvæðinu segist aldrei eða mjög sjaldan stunda íþróttir með íþróttafélagi. Sé horft til vikulegrar þátttöku eða oftar þá er iðkunin á höfuðborgarsvæðinu komin í 62%.

Mynd 5 Félags- og tómstundastarf 5. - 7. bekkjar utan skólans.



Á mynd 5 er þátttaka í tómstundastarfi utan skólans greind niður miðað við vikulega þátttöku eða oftar. Sé horft til stelpna á höfuðborgarsvæðinu segjast 26,8% taka þátt í tómstundastarfi utan skólans þrisvar sinnum í viku eða oftar en 18,8% stráka. Sé mánaðarleg þátttaka eða oftar skoðuð þá hækka þessar tölur fyrir stelpur í 53,5% og fyrir


stráka í 37,9%. Rúmur helmingur þessa aldurshóps á höfuðborgarsvæðinu segist aldrei eða sjaldnar en einu sinni í mánuði stunda tómstundastarf utan skólans.

Athyglisvert er að rúm 70% þessa aldurshóps segist aldrei eða sjaldnar en einu sinni í mánuði stunda tómstundastarf á vegum skólans .

Aldurshópurinn 13 til 16 ára


Þegar horft er til þessa aldurshóps kemur í ljós að töluverðar breytingar hafa orðið á þátttöku í frístundastarfsemi frá því sem var í aldurshópnum 10-12 ára.

Mynd 6 Iðkun vikulega eða oft




Iðkun íþróttá hjá félögum heldur sér í 8. bekk en um 15% brottfall verður úr starfi félaganna yfir í næsta aldurshóp. Árgangarnir í 9. og 10. bekk er hér dreginn saman í einn aldurshóp. Líkamsrækt í líkamsræktarstöðvum kemur inn í myndina á þessum árum og tvöfaldast milli aldurshópanna. Greinilegt er að nemendur í þessum árgöngum eru duglegir að hreyfa sig en engu að síður segjast um 36% nemenda í 8. bekk og 52% í 9. - 10. bekk aldrei stunda íþróttir með íþróttafélögum.

Mynd 7 Þátttaka í íþróttum




Fjölmennustu greinarnar eru boltagreinar og sund, sé horft til vikulegrar iðkunar eins og sjá má á mynd 7. Verulegt brottfall verður eftir að 8. bekk sleppir.

Mynd 8 Þáttaka í félags- og tómstundastarfi




Á mynd 8 má sjá að hátt í helmingur nemenda í 8. bekk og um þriðjungur í 9. - 10. bekk sækir reglulega starf félagsmiðstöðva. Bekkjarkvöld og skólaskemmtanir sækir tæplega þriðjungur nemenda í 8. bekk en um fimmjungur nemenda í 9. - 10. bekk. Athyglisverð er þátttaka í nemenda- og unglingaráðum og starfsemi sem þessi ráð gangast fyrir en 15 - 17% grunnskólanema í borginni sækja þá starfsemi reglulega.

Mynd 9 Þátttaka í starfi trúfélaga og skátastarfi




Aldurhópurinn 16 - 20 ára

Mynd 10 Íþróttaiðkun meðal framhaldsskólanema



Þegar kemur í framhaldsskóla hefur iðkun íþróttar með íþróttafélögum minnkað um meira en helming frá því sem er meðal nemenda í 8. bekk. Töluverður munur er á vikulegri ástundun eða oftar meðal framhaldsskólanema 2004 sem var um 28%, borið saman við þá á sama aldri sem ekki voru við nám en sambærileg þátttaka þeirra í íþróttafélögum var um 16%.

Mynd 11 Þátttaka framhaldsskólanema í félagsstarfi



Raunhæf markmið um aukna þátttöku í æskulýðs- og íþróttastarfi

Við mat á iðkun og þátttöku er reynt að horfa til þess hversu mikil skörun er í iðkendatölum milli greina, hversu margir stunda fleiri en eina grein íþrótta. Sömu leiðis má reikna með að nokkur hluti markhópsins sé virkur í þremur eða jafnvel fleiri greinum frístunda- og menningarstarfsemi. Þá er alltaf nokkur hluti hópsins sem flytur sig milli greina og prófar eitthvert tómsunda- eða íþróttastarf tímabundið. Ástundun einhvers áhugamáls á eigin vegum án þess það sé innan vébanda skipulagðrar starfsemi vex eftir aldri en skýrasta dæmi þess er iðkun líkamsræktar á eigin vegum. Svör við spurningu um það hversu margir taka ekki þátt í neinu skipulögðu starfi segir þannig aldrei alla söguna.

Mynd 12 Áætluð þátttaka í íþróttum

Árgangur	Fjöldi í árgangi	Iðkendur íþrótta búsettir í Reykjavík ÍBR	%	Mat á íþrótta-iðkun meðaltal úr árgangi 40%	Íþrótta-iðkun áætlaður fjöldi í raun
6 ára	1.534	847	0,40	614	460
7 ára	1.425	1.126	0,40	570	499
8 ára	1.460	1.329	0,40	584	584
9 ára	1.444	1.610	0,40	578	650
10 ára	1.503	1.645	0,40	601	691
11 ára	1.440	1.834	0,40	576	662
12 ára	1.529	1.657	0,40	612	703
13 ára	1.586	1.375	0,40	634	730
14 ára	1.584	1.169	0,40	634	760
15 ára	1.523	945	0,40	609	731
16 ára	1.651	742	0,40	660	462
17 ára	1.548	529	0,40	619	433
18 ára	1.601	387	0,40	640	448
Samtals	19.828	15.195		7.931	7.815

Mynd 13 Áætluð þátttaka í félags- og tómsundastarfi


Árgangur	Fjöldi í árgangi	Mat á þáttt. í félagsstarfi %	Mat á þáttt. í félagsstarfi %	Félagsstarf fjöldi í raun
6 ára	1.534	30	0,30	460
7 ára	1.425	35	0,30	428
8 ára	1.460	35	0,30	438
9 ára	1.444	35	0,30	433
10 ára	1.503	37	0,30	451
11 ára	1.440	40	0,30	432
12 ára	1.529	40	0,30	459
13 ára	1.586	53	0,30	476
14 ára	1.584	38	0,30	475
15 ára	1.523	38	0,30	457
16 ára	1.651	30	0,30	495
17 ára	1.548	30	0,30	464
18 ára	1.601	30	0,30	480
Samtals	19.828			5.948

Við mat á iðkun og þátttöku í skipulagðri æskulýðs-, íþrótta- og menningarstarfsemi var reynt að áætla heildariðkun í árgöngunum 10 - 18 ára. Upplýsingar um aldurhópinn 6 - 9 ára eru takmarkaðar og ekki til samanburðargögn að styðjast við með sama hætti og fyrir eldri hópinn. Þátttaka í starfi félaga er ólík eftir aldurshópum, mest meðal barna 9 til 12


ára en fjöldi iðkenda samkvæmt skrá ÍBR í þessum aldurshópum er meiri en nemur heildarfjöldi í árgöngunum. Skörun og tvítalning gerir þannig mat á einstaklingsbundinni iðkun mjög erfiða en að hluta til er reynt að meta þann hóp sem segist mjög sjaldan eða ekki taka þátt í neinu skipulögðu frístundastarfi. Einnig er töluverður munur á, innan hvers aldurhóps, hversu mikil iðkunin er. Í tillögunni sem hér er lögð til grundvallar er gengið út frá að 40% hvers árgangs 6 - 18 ára að meðaltali iðki íþróttir sem sína megin frístundaiðju en 30% stundi annars konar félags- og menningarstarf í sínum frítíma. Með tilkomu frístundakortsins er því gert ráð fyrir að fjöldi þeirra sem stunda skipulagt æskulýðs-, íþrótt- og menningastarf fari í 70% að meðaltali í hverjum árgangi.

Atvinnuþátttaka 15 til 20 ára skólanema


Mynd 14 Atvinnuþátttaka nemenda í 10. bekk




Mynd 15 Atvinnuþátttaka framhaldsskólanema



Mynd 16 Ástæður brottfalls framhaldsskólanema úr íþróttum



Mynd 17 Hversu miklu máli skiptir fjárhagur varðandi brottfall



Fylgiskjöl og ítarefni

Mismunandi fyrirkomulag sveitarfélaga

Í fylgiskjali er sýnt yfirlit um mismunandi fyrirkomulag sveitarfélaga. Mest reynsla er komin á greiðslur með þessum hætti í Garðabæ, Reykjanesbæ og Hafnarfirði en fleiri sveitarfélög eru komin af stað eða með sambærileg verkefni í undirbúningi. Upphæðir og fyrirkomulag á greiðslum er með ólíkum hætti.

Tölur og myndir

Í greinargerð með tillögum vinnuhópsins er fjöldi skýringamynda og taflna. Mest af þessu efni er komið frá Rannsóknnum og greiningu ehf. eða ÍBR en einnig eru tölur sem unnar voru sérstaklega fyrir þessa greinargerð. Afar mikilvægt er að allar tölfræðilegar og lýðfræðilegar upplýsingar séu sem bestar og skýrastar. Frekar en setja allt þetta efni inn í greinargerðina og skýra myndir í texta var ákveðið að setja upp sérstakt kynningarefni á glærum um Frístundakortið þar sem félagslegar og lýðfræðilegar skýringar og forsendur eru enn frekar kynntar. Efni þetta mun verða gert aðgengilegt og verða notað til kynningar við innleiðingu Frístundakortsins.